



11. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Reykjavík 9. september 2016

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT). og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ. Helga Jóhannesdóttir (HeJ) mætti síðar.

Forföll boðuðu: Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn kl.15:00.

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra AIP sagði frá helstu verkefnum síðan á síðasta fundi. Hópur ungmenna fór á Ungmennaviku NSU í Svíþjóð, einnig fór hópur á aðalfund NSU og ráðstefnu honum tengda. Mikil áhersla hefur verið lögð á skýrsluskil allra starfshópa á vegum UMFÍ fyrir ársskýrslu og vinnu við fjárhagsáætlun.

3. Þratalundur – kynning frá fulltrúa nýrra eiganda Þratalundar. Nýir eigendur lýstu áhuga á samstarfi við Þrastaskógarnefnd.

4. Samningar UMFÍ við mótshaldara vegna ULM 2017 og LM 50+ 2017. AIP kynnti drög að breyttu formi samninga á milli sveitarfélaga, UMFÍ og héraðssambanda við framkvæmd landsmóta. Drögin samþykkt og AIP falið að fullvinna málið með framkvæmdastjórn.

5. EUF Anna Möller forstöðumaður EUF kom á fundinn. Farið yfir athugasemdir við endurskoðunarskýrslu á lokaskýrslu landsskrifstofu EUF 2014 og 2015. Rætt hvernig brugðist skal við athugasemdum endurskoðenda.

6. Sambandsráðsfundur

- **Tillögur** Ákveðið að brjóta upp hefðbundið form nefndarstarfa á fundinum. Lögð verður áhersla á stefnumótun UMFÍ. Þjónustumiðstöð falið að undirbúa fundinn.
- **Undirbúningur** Fundurinn verður haldinn á Laugum í Sælingsdal, 15. október. Gert er ráð fyrir stjórnarfundum þann 14. október. Samþykkt er að fela AIP að auglýsa eftir tilnefningum úr hreyfingunni til Hvatningaverðlauna UMFÍ.

HeJ kom á fundinn kl. 17.00.

- **Fjárhagsáætlun** Drög að áætlun lögð fram miðað við óbreyttar forsendur. ÖG, HeJ og GS skipuð í starfshóp til að klára vinnu við fjárhagsáætlun fyrir 3. október.

7. Stefnumótun AIP fór yfir nýja stefnu UMFÍ. Stefnan samþykkt af stjórn og verður hún lögð fyrir sambandsráðsfund.

GS vék af fundi kl. 19.38.

8. Önnur mál

- **DGI** - ÖG og AIP sögðu frá heimsókn til DGI í Danmörku þar sem þau kynntu sér, ásamt Ómari Braga Stefánssyni, undirbúning, framkvæmd og markaðsstarf samtakanna í kringum hið danska Landsmót.
- **NSU** - GG sagði frá aðalfundi NSU í Danmörku. Var þar kosið í fyrsta sinn eftir nýju kerfi, aðildarlönd eiga ekki sjálfkrafa sæti í stjórn samtakanna. Jörgen Nilson hlaut góða kosningu inn í stjórn sem fulltrúi UMFÍ. Einnig kynnti GG næstu verkefni NSU.
- **Lýðháskólar** - UMFÍ hefur hlotið styrk frá EUF til að kynna sér starfsemi Lýðháskóla í Danmörku. Fulltrúum Menntamálaráðuneytis, Sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, stjórnar UMFÍ, starfshóps um stofnun skólans og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga verður boðið í þessa kynningarferð.
- **Skýrsla Ungt fólk og lýðræði** - Lögð fyrir stjórn.
- **Skýrsla Hreyfivika** - Lögð fyrir stjórn.
- **Skýrsla fulltrúa UMFÍ í stjórn Íslenskra Getrauna** - Lögð fram til kynningar.
- **Fræðslumál** - Samþykkt að útbúa stutt fræðslumyndband um meðferð íslenska fánans. Þjónustumiðstöð falið verkefnið.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20.49.
Næsti fundur stjórnar áætlaður 14.10.2016
HrJ ritaði fundargerð.**